

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar

B.t. Ásgeirs Sveinssonar

Þverholti 2

270 Mosfellsbæ

Reykjavík, 23. janúar 2020

**Efni: Skipulag – Lágafell**

Af hálfu Lágafellsbygginga ehf., kt. 620604-2750, sem er eigandi lands Lágafells í Mosfellsbæ, er vísað til fyrri erinda félagsins til bæjaryfirvalda í Mosfellsbæ, m.a. erindis dags. 18. ágúst 2016, þar sem félagið hefur óskað eftir því að hefja viðræður við bæinn um skipulag og uppbyggingu, þar með talið gerð deiliskipulags fyrir land félagsins í Lágafelli.

Félaginu hafa ekki borist svör hvað þetta varðar og er erindi félagsins ítrekað að þessu leyti og minnt á að áhugi og vilji félagsins stendur sem fyrr til þess að hefja uppbyggingu á sínu landi í Lágafelli.

Fram hefur komið af hálfu skipulagsyfirvalda í Mosfellsbæ að farið verði í endurskoðun aðalskipulags bæjarins á þessu kjörtímabili. Af hálfu félagsins er óskað eftir viðræðum við skipulagsyfirvöld um að uppfæra ákvæði aðalskipulags bæjarins hvað varðar byggð, fjölda eininga og nýtingu lands félagsins í Lágafelli, með það að markmiði að auka nýtingu og þéttleika byggðar og nýta betur fyrirhugað byggingarland.

Forsvarsmenn félagsins lýsa sig, hér eftir sem hingað til, reiðubúna að hitta skipulags- og bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ til frekari umræðna.

F.h. Lágafellsbygginga ehf.,



Árni Helgason